

**Ræða Þórs Sigfússonar, formanns SA,
á ferðamálaþingi 20. nóvember 2008**

Land tækifæranna

Góðir gestir,

Á tímum mikils umróts í efnahagslífi landsmanna gefst tækifæri til að hugsa hlutina upp á nýtt og endurmeta á hvaða leið við erum. Ferðalag síðustu vikna hefur reynt verulega á og ýmis ljón staðið í veginum fyrir því að atvinnulífið hafi getað gengið sinn vanagang. Nú er það hins vegar í okkar höndum að tryggja að við komumst á áfangastað og að dvölin verði ánægjuleg.

Það skal ekki undan dregið að við blasa stór og krefjandi verkefni á komandi misserum en ef við leysum þau vel af hendi er framtíð okkar björt. Breyttum tímum fylgja ný tækifæri til að efla land og þjóð sem stendur vel að merkja á traustum grunni. Við skulum ekki gleyma því mitt í öllum hamaganginum og gera þar með endurreisn atvinnulífsins erfiðari en ella.

Stórstígar framfarir hafa orðið í ferðamálum á Íslandi þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður sem greinin bjó við um langa hríð - sterka krónu og þenslu. En gera má betur og ég ætla leyfa mér næstu mínútur að horfa til tækifæranna framundan – tækifæra sem blasa nú við í ferðaþjónustu og víðar en voru ekki endilega öllum sýnileg þar til fyrir skömmu.

Um tíma var til dæmis talið að íslenskan væri orðin útrásarfyrirtækjum fjötur um fót – að hún væri dragbítur á alþjóðavæðingu Íslands og því átti hún undir högg að sækja. Þröstur Helgason ritstjóri Lesbókarinnar velti því upp í grein síðastliðinn laugardag að kannski myndi íslenskan

þjargast vegna breyttra aðstæðna í fjármálaheiminum – að íslenskan kæmi inn úr kuldanum vegna breyttra aðstæðna – hún yrði aftur inn!

Spyrja má hvort það sama eigi við um ferðaþjónustuna sem hefur verið að eflast mjög mikið en á jafnframt mikið inni? Nú beinast sjónir að henni í auknum mæli og þeim tækifærum sem hún býður upp á enda ekki vanþörf á að flytja atvinnuskapandi ferðamenn inn til landsins með vasa fulla af gjaldeyri.

Íslensk ferðaþjónusta er engin afgangsstærð eins og stundum hefur verið talað um greinina heldur mikilvægur þáttur í íslensku atvinnulífi. Það eltir samt ferðaþjónustuna vofa fortíðar - ef svo má segja - sem við þurfum að hrista af henni. Ég velti stundum fyrir mér hvers vegna það er alltaf einhver grasrótarára yfir ferðaþjónustu? Fólk sér fyrir sér lítil fyrirtæki sem berjast oft en ekki í bökkum, störf sem oft felast í þrifum á hótélherbergjum, viðskiptavinum sem koma með matinn með sér að heiman og gjaldeyriskjör sem alltaf eru teknar út fyrir sviga í þjóðhagsreikningum sem einhvers konar aukatekjur en ekki raunverulegar útflutningstekjur!

En er þetta okkur í atvinnulífinu líka að hluta til að kenna? Er okkur tamara að tala um stórlausnir eins og stjórnámálamönnum og hafa eins og stjórnvöld einhvern veginn meira gaman af stórum lausnum – stórum iðjum. Það virðist einhvern eðlilegra fyrir stjórnámálmann að tala um 1000 ný störf og þúsund milljarða framkvæmd í stóriðju heldur en að nefna ferðaþjónustu þótt þar sé hægt að skapa mörg þúsundir starfa hjá vel reknum fyrirtækjum í greininni. SA vill taka þátt í því að umbreytingar verði í þessum eignum og að við tölum samhliða um allar góðar atvinnugreinar – tölum meira um nýsköpun í stórum og litlum fyrirtækjum og ekki síst í ferðaþjónustu.

Nú er klárlega tækifæri að hrista af sér leifar af gömlum viðhorfum og sýna hversu góður business ferðaþjónusta er og getur verið.

Í því sambandi vil ég nefna nokkur atriði:

1. Fyrsta verkefnið er hreinlega að birta tölur. Þær líta hraustlega út þótt ýmislegt geti batnað enn. Í nýjum ferðaþjónustureikningum Hagstofunnar kemur fram að erlendir ferðamenn fluttu á síðasta ári gjaldeyri inn til landsins fyrir um 85 milljarða króna og ríflega átta þúsund störf voru í greininni á síðasta ári út um allt land. Árlegur fjöldi erlendra ferðamanna stefnir í 500 þúsund úr 300 þúsund um aldamótin síðustu. Samkvæmt athugun Hagstofunnar skilar ferðaþjónustan um 19% af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar, sem er umtalsvert meira en menn höfðu áttáð sig á.
2. Annað verkefni er að sýna í verki þá þekkingu og reynslu sem er í greininni. Munið þið þegar talað var skringilega um alla einstaklingana sem voru á leið til náms í hóteltjórnnun eða ferðamálafræðum? Talað var um offjárfestingu! Þvílík firra. Þetta fólk hefur einmitt lagt grunn að aukinni fagmennsku, gæðum og arðsemi í þessari grein.
3. Í þriðja lagi vantar okkur nokkrar stórar einingar í ferðaiðnaðinn sem gætu leitt stærri fjárfesta eins og lífeyrissjóði inn í greinina. Setja mætti á fót sjóð til að fjárfesta í arðvænlegum ferðaþjónustufyrirtækjum en einnig kemur til álita að ferðafyrirtæki skrái sig á First North markaðinn. Það er nauðsynlegt að fleiri ferðafyrirtæki verði skráð í kauphöll. Nú er tækifærið að efla með þeim hætti bæði ferðaþjónustuna og Kauphöllina. Nú þurfa fyrirtækin í kauphöll síður að vera risavaxin til að vekja áhuga – nú þurfa þau að vera spennandi kostur og með bjarta framtíð.
4. Í fjórða lagi hefur aldrei verið brýnna en nú að leita eftir erlendum fjárfestum í ferðaiðnaðinn. Nú kunna að vera tækifæri til þess. Öll tölfræði bendir til þess að hér verði blómlegur tími í ferðamálum á næstu árum en við þurfum þolinmótt fjármagn og enn öflugra tengslanet erlendis. Það geta erlendir fjárfestar í

greininni veitt.

5. Fimmta lykilverkefnið er að veita fé í að kynna Ísland eins og gert var með kröftugum hætti eftir voðaverkin í New York 11. september 2001. Þá var fullt tilefni til og það á ekki síður við núna. Þegar rykið sest í Evrópu og við náð sáttum við vinapjóðir okkar, sem er mjög brýnt að gerist fljótt, þá eru tækifæri fyrir okkur til að kynna Ísland.

Íslensk stefna í ferðamálum til ársins 2015 er skýr. Þó finnst mér kannski þurfi að endurhugsa hana eins og annað eftir hamfarir síðustu mánaða. Kannski má þar hnykkja betur á styrk ferðaþjónustunnar í Nýju Íslandi? Ný-Sjálendingar hafa sett sér það markmið í langtímstefnumótun fyrir ferðaþjónustuna að hún gegni lykilhlutverki í sjálfbæru efnahagslífi þjóðarinnar árið 2015. Þar segir líka að ferðaþjónustan eigi að vera arðbær atvinnugrein og aðlaðandi fjárfestingarkostur! Markmiðum innan greinarinnar verður ekki náð nema hún sé arðbær til framtíðar svo hægt sé að ráðast í nauðsynlega fjárfestingar til að ferðaþjónustan haldi velli. Á þetta verður að leggja mikla áherslu á komandi árum.

Það er mikið uppbyggingarstarf framundan í íslenskri ferðaþjónustu en orðspor Íslands skiptir þar gríðarlega miklu máli. Við vorum lítið þekkt fyrir áratug síðan – vorum t.d. aðeins nefnd tvívegis á heilu ári í The Financial Times í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Svo helltist yfir okkur athyglin og alheimskastljósið blindaði okkur sýn um stund. Loksins náðum við fullri athygli heimsins í október 2008 en þó á á vondum forsendum.

Þau lönd sem lent hafa í alvarlegum útistöðum við nágranna sína, sem skaðað hefur orðspor þeirra, án þess þó að til nokkurra blóðsúthellinga komi eru ekki mörg. Að þessu leyti erum við einstök! Refsing okkar sem

fólst í því að afþakka „loftrýmiseftirlit“ Breta er einnig sérstök. Það er allt dálítið öfugsnúið í þessu en ef rétt er á málum haldið þá geta þessar uppákomur stimplað landið okkar skýrar inn á heimskortið – en til þess þarf þó að hafa klárt plan um hvernig bæta megi ímynd landsins og fjárfesta í henni á komandi árum. Þar gegnir ferðapjónustan mikilvægu hlutverki.

Samtök atvinnulífsins hafa hvatt til þess að ríkisstjórn Íslands tileinki árið 2009 nýsköpun og skapandi hugsun. Þar er ekki aðeins átt við mikilvægi þess að stofnuð verði ný spennandi fyrirtæki heldur að starfandi fyrirtæki leiti nýrra leiða og lausna til að rífa okkur upp úr þeirri lægð sem gengur nú yfir landið. Nýsköpun í ferðapjónustu mun í þessu samhengi skipta miklu máli og hjálpa til við endurreisn íslensks efnahagslífs en nú þegar höfum við fjölmörg dæmi um vel heppnaða nýsköpun, Landnámssetur í Borgarnesi, Þórbergssetur á Hala í Suðursveit, Síldarminjasafn á Siglufirði og svona mætti lengi telja. Það er orðið skemmtilegra að ferðast um Ísland vegna þess að gæði og fagmennska í greininni hefur aukist jafnt og þétt.

Miðað við fjölmargar hugmyndir frumkvöðla í greininni sem vonandi verða sem flestar að veruleika þá verður enn skemmtilegra að ferðast um Ísland í náinni framtíð, bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Það er nauðsynlegt að blása til sóknar og horfa til framtíðar en höldum okkur við jörðina og höfum hugfast að við óbreyttar aðstæður kann allt að falla í sama farið innan nokkurra ára. Krónan fari á fullt vegna stórframkvæmda og stórhugs stjórnámálanna og lausataka í efnahags- og kjaramálum. Ferðapjónustan á þá á hættu að verða að vinalegri grasrótastarfsemi sem á sér ekki viðreisnar von vegna sterkrar krónu. Þar með hverfur áhugi fjárfesta og fjármálafyrirtækja á að styðja við fyrirtækin sem mun skorta skjól.

Við þurfum á traustara umhverfi að halda og ég tel að fara verði fram opinská umræða um hvort umrætt skjól sé að finna að finna innan ESB og hvort íslensku atvinnulífi muni farnast betur með evru sem mynt í stað krónu.

Eins og staða krónunnar er núna er Ísland orðið mjög samkeppnishæft í ferðaþjónustu en til lengdar kærum við okkur ekki um að Ísland fái á sig „ódýra ímynd“.

Til framtíðar litið er Ísland land tækifæranna – land gæða og góðrar þjónustu – því víða um land eru tækifæri sem enn á eftir að nýta. Það þarf að gera með því að virkja mannauðinn í landinu – kalla m.a. til fólk í ferðaþjónustu með reynslu úr öðrum atvinnugreinum til að styrkja stoðirnar. Höldum í sérkennin og það sem er einstakt á hverjum stað en ræktum um leið umgjörð ferðaþjónustunnar þannig að hún eigi tryggja framtíð.

Góðir gestir!

Við höfum þurft að hrista vel upp í heilabúum okkar Íslendinga á síðustu vikum. Það er engu líkara en afruglarinn á (Íslands-)sjónvarpinu hafi bilað en smátt og smátt er hann að komast í lag og myndin tekin að skýrast.

En sú mynd sem birtist okkur virðist reyndar gerbreytt og verið er að semja nýtt handrit. Í þeirri vinnu sem framundan er felast tækifæri fyrir ferðaþjónustuna og í raun allt atvinnulífið að treysta allt rekstrarumhverfið.

Í þeirri framtíðarmynd er Ísland búið að taka upp evru og er hluti af stærra efnahagssvæði. Verðbólga er hér 3% og stýrivextir 4%. Allar bólutölur yfir 5% þykja ógna stöðugleika. Hér gera fyrirtækin raunhæf plön til nokkurra ára í senn sem þótti fráleitt á krónuárunum. Sú breyting hefur miklu meiri áhrif á alla starfsemi fyrirtækja og í raun þjóðfélagið allt en við áttum okkur á. Með henni gefst okkur færi á að fara úr fljótheitum í fagmennsku á öllum sviðum. Loks er stærsta

drekasvæðið íslensk náttúra og menning sem með öflugri ferðaþjónustu skapar gríðarleg verðmæti.